

# STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1983

16. mars 1983

249

Nr. 144

## AUGLÝSING

**um framlagningu kjörskráa við Alþingiskosningar 23. apríl 1983.**

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 23. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið

- a) að frestur sá, sem getur í 1. málsg. 19. gr. laganna, styttist þannig að kjörskrár skulu lagaðar fram 22. mars 1983 og
- b) að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. málsg. 19. gr., styttist þannig að kjörskrár liggja frammi til 8. apríl 1983.

Jafnframt er ákveðið, samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laganna, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningarnar verði lagðar fram.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. mars 1983.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

15. mars 1983

Nr. 145

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 788 17. desember 1982 um breyting á henni.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi – annan en þann sem talinn er í 2. gr. – fyrir allt að 2 400 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 600 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarendi undanþága er 1 800 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 2 400 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

B 33

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlandis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlandis.

## 2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

<b>A. Áfengi:</b>	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín .....	75
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar .....	90
3. Íslenskar áfengistegundir .....	205
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjórar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. ....	375
<b>B. Tóbak:</b>	
1. Reyktóbak .....	185 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar .....	235 kr./200 stk.
3. Smávindlar .....	30 kr./10 stk.
Meðalstærð .....	125 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir .....	165 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 788 17. desember 1982.

*Fjármálaráðuneytið, 15. mars 1983.*

F. h. r.  
**Björn Hafsteinsson.**

*Ingólfur Friðjónson.*